

Lyfjanefnd Landspítala

Fundargerð nr.: 12/2024

Fundarstaður: Engey, Eiríksstöðum og Teams

Fundartími: 4. september 2024, kl. 11:00

Viðstödd:

Aðalmenn

Hlíf Steingrímsdóttir, Arnþrúður Jónsdóttir, Gerður Beta Jóhannsdóttir, Gerður Gröndal, Pétur S Gunnarsson, Ragnar Grímur Bjarnason og Örvar Gunnarsson

Varamenn

Guðrún I Gylfadóttir, og Sif Sumarliðadóttir

Starfsmenn

Guðrún Björg Elíasdóttir og Dóra Guðrún Pálsdóttir sem ritaði fundargerð

Fjarverandi: Agnes Smáradóttir, Eva Ágústsdóttir, Guðríður K Þórðardóttir, Gylfi Óskarsson og Signý Vala Sveinsdóttir

Gestir: Ólafur Árni Sveinsson, Sigurdís Haraldsdóttir, Elísabet Reykdal Jóhannesdóttir og Viðar Örn Eðvarðsson

1) Hæfi fundarmanna

Hæfi fundarmanna við afgreiðslu mála kannað. Fundarmenn telja sig hæfa um að fjalla um mál sem eru á dagskrá fundarins.

2) Fundargerð nr. 11/2024

Fundargerðin samþykkt

3) Sjúkratilfelli

Umfjöllun ekki birt

4) Umsagnir um greiðsluþátttöku

Esketamine (Spravato) – nýtt lyf

Óskað er eftir umsögn lyfjanefndar um greiðsluþátttöku fyrir lyfið esketamine (Spravato) sem ásamt sértækum serótónín-endurupptökuhemli (SSRI) eða serótónín-noradrenalinendurupptökuhemli (SNRI) er ætlað fullorðnum til meðferðar á alvarlegu þunglyndi (major depressive disorder) sem svarar illa meðferð og hefur ekki svarað a.m.k. tveimur mismunandi meðferðum með þunglyndislyfjum í yfirstandandi meðalsvæsinni eða svæsinni þunglyndislotu.

Gert er ráð fyrir að 8-12 sjúklingar hefji meðferð árlega. Ekki er hægt að leggja lyfið klínískt að jöfnu við önnur lyf á þessari ábendingu og því er um kostnaðarauka að ræða. Lyfið hefur verið þó verið notað á einstaklingsbundinni greiðsluþátttöku og því er þegar kostnaður af notkun þess.

Greiðsluþátttaka hefur verið samþykkt með takmörkunum í Svíþjóð en hafnað í Danmörku og Noregi.

Mælt er með því að greiðsluþátttaka verði samþykkt

Samþykkt milli funda

Bortezomib (Bortezomib Accord) – ný líftæknihiðstæða

Cabazitaxel (Eleber) – nýtt samheitalyf

Bevacizumab (Oyavas) – ný líftæknihiðstæða

Pemetrexed (Pemetrexed Accord) – nýtt samheitalyf

Pomalidomide (Pomalidomide Krka) – nýtt samheitalyf

Pegylated doxorubicin (Zosketil) - ný líftæknihiðstæða

5) Önnur mál

a) Umsýsla umsókna um aðgengi að lyfjum án markaðsleyfis í gegnum CUP/NPP

Minnisblað formanns lyfjanefndar og innkaupadeildar um málið var sent heilbrigðisráðuneytinu í gær. Þar er lagt til að settar verði skýrari reglur um þátttöku í slíkum prógrömmum og að krafa verði gerð um að það liggi fyrir hvernig framhald meðferðar verður við lok prógrammi áður hún hefst.

b) Aukinn kostnaður vegna leyfisskyldra lyfja

Kostnaður vegna leyfisskyldra lyfja er alltaf að aukast. Fyrir því eru margar ástæður, t.d. ný og dýr lyf og fólksfjölgun. Einnig er meðferð við mörgum sjúkdómum, eins og krabbameinum, alltaf að batna, sjúklingar lifa því lengur og fleiri eru á meðferð hverju sinni. Sú þróun mun halda áfram og það þarf að ræða í sambandi við fjárveitingar til málaflokksins.

Fundi slitið kl. 12:08